

**Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra sf.**

**6. fundur stjórnar 15.5.2019**

Mættir: Jón Helgi Björnsson, Heiðbjört Ólafsdóttir, Arnór Benónýsson, Sigurður Böðvarsson, Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, Kristján Þór Magnússon

Gestur: Rúnar Bjarnason

**Fundargerð**

**1. Ársreikningur DA**

Lagður var fram ársreikningur fyrir árið 2018 og gerði endurskoðandi félagsins grein fyrir honum. Sömuleiðis var farið yfir endurskoðunarbréf sem lagt var fram.

Stjórn félagsins vill koma á framfæri ánægju með reksturinn á síðasta ári og færir starfsfólkí DA kærar þakki fyrir vel unnin störf. Ársreikningurinn samþykktur samhljóð.

**2. Skýrsla framkvæmdastjóra**

Jón Helgi fór yfir stöðuna á rekstri DA og er hann í samræmi við áætlun ársins. Staða handbærs fjár er jákvæð um þessar mundir og er framkvæmdastjóra falið að leggja fram tillögu á næsta fundi um niðurgreiðslu skulda félagsins.

**3. Uppbygging hjúkrunarheimilis – næstu skref**

Samstarfsnefnd um opinberarframkvæmdir hefur nú samþykkt upphaf verkefnisins og fer hönnunarferli því af stað á næstunni. Fyrir liggur að Norðurþing skipi two fulltrúa í stýrihóp vegna verkefnisins. Lagt er til að það verði gert sem fyrst.

**4. Framkvæmdir og endurbætur á endurhæfingaraðstöðu**

Gert var ráð fyrir endurbótum í fjárhagsáætlun ársins 2019. Framkvæmdastjóra falið að leggja fram endanlega kostnaðaráætlun um endurbætur á endurhæfingaraðstöðunni í Hvammi á ágústfundí stjórnar DA.

**5. Önnur mál**

Ákveðið var að aðalfundur DA verði boðaður 26. júní n.k., kl 14.

Fundir slitið 15:45.

The image shows four handwritten signatures in blue ink, arranged vertically. From top to bottom, they are: 'Jón Helgi Björnsson', 'Heiðbjört Ólafsdóttir', 'Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson', and 'Kristján Þór Magnússon'. Each signature is followed by a short horizontal line.